



# Vinnureglur stjórnar um styrkveitingar

---

## Vinnureglur stjórnar um styrkveitingar

1. Stjórn UMSE veitir, eftir efnum, styrki til einstaklinga og hópa til niðurgreiðslu ferðakostnaðar vegna æfinga og keppni.
2. Stjórn skal leggja fram áætlun um hámarks styrk á hvern einstakling og samtals upphæð styrkja á hverju ári og skal hún taka mið af samþykktri fjárhagsáætlun ársins.
3. Styrkina geta þeir sótt um sem eru skráðir iðkendur innan aðildarfélaga UMSE.
4. Hver einstaklingur getur eingöngu hlotið einn styrk á hverju almannaksári, hvort sem viðkomandi er með einstaklingsumsókn eða hluti af hópumsókn.
5. Styrkirnir ná til eftirfarandi verkefna:
  - a. Keppnisferðir og sýningar erlendis.
  - b. Æfingaferðir erlendis.
  - c. Keppnisferðir og sýningar innanlands.
  - d. Æfingaferða innanlands.
  - e. Æfinga og keppnisferðir á vegum sérsambanda, s.s. landsliðsverkefni, æfingar með úrvals eða afrekshópum (og öðrum sambærilegum verkefnum).
6. Stjórn úthlutar styrkjunum tvisvar á ári á fundi sínum. Í fyrra skiptið í júní og í seinna skiptið í október. Umsóknarfrestur er til 31. maí og 30. september. Birta skal upplýsingar um umsóknarfrest á heimasíðu UMSE.
7. Nöfn styrkþega, stutt lýsing viðkomandi verkefnis og fjárhæð styrksins skulu færð í fundargerð stjórnar UMSE.
8. Sótt er um styrkina á þar til gerðu eyðublaði, sem skal vera aðgengilegt á heimasíðu UMSE. Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram og mun eyðublaðið taka mið af þeim:
  - a. **Einstaklingsumsókn**
    - i. Nafn umsækjanda og kennitala.
    - ii. Aðildarfélag/deild.

- iii. Ípróttagrein.
- iv. Stutt lýsing á ferð og tilgangi.
- v. Fjárhagsáætlun vegna ferðar.
- vi. Upplýsingar um aðra styrki sem veittir eru vegna ferðarinnar.
- vii. Staðfesting formanns aðildarfélags/deildar.

**b. Hópumsókn**

- i. Nafn aðildarfélags/deildar.
- ii. Nöfn þátttakenda og kennitölur.
- iii. Ípróttagrein.
- iv. Stutt lýsing á ferð og tilgangi.
- v. Fjárhagsáætlun vegna ferðar.
- vi. Upplýsingar um aðra styrki sem veittir eru vegna ferðarinnar.
- vii. Staðfesting formanns aðildarfélags/deildar.

9. Gera skal grein fyrir styrkveitingum í ársskýrslu UMSE.

*Lagt fram og samþykkt á 738. stjórnarfundum UMSE, 28. apríl 2014.*